



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Alþingi
Erindi nr. Þ 133/842
komudagur 8.2.2007

Reykjavík 7.2 2007.
ASÍ mál: 200702-0009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum (465 mál).

ASÍ er sammála því, að nauðsynlegt sé að auka vernd þeirra opinberu starfsmanna sem sérstaklega eru útsettir fyrir ofbeldi og hótanir í starfi sínu. Frumvarpinu virðist ætlað að senda þau skilaboð til dómstóla, að þyngja refsingar vegna brota gegn þessum hópi starfsmanna. ASÍ bendir þó á, að ekkert er því til fyrirstöðu að framfylgja þeirri stefnu innan gildandi refsiramma sem ekki virðist notaður nema að litlu leyti.

F.h. Alþýðusambands Íslands,


Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1349
komudagur 2.3.2007



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2007

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til almennra hegningarlaga, 465. mál, aukin refsivernd lögreglu.

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum. Megininntak frumvarpsins felst í að refsingar vegna ofbeldis í garð lögreglumanna og samsvarandi stétta verði hertar verulega og að sett verði inn sérstakt ákvæði þar sem refsivert verði að tálma því að lögreglumenn gegni skyldustörfum sínum. Með þessu er komið til móts við kröfu Landssambands lögreglumanna (LL) um að starfsumhverfi lögreglumanna verði bætt.

BSRB styður því þetta frumvarp og vísar að öðru leyti til umsagnar Landssambands lögreglumanna.

Fyrir hönd BSRB


Sigurður Á. Friðbjólfsson


Helga Jónsdóttir



LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndarsvið
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 133 / 915
komudagur 12. 2. 2007

Reykjavík, 8. febrúar 2007

Efni: Frumvarp til almennra hegningarlaga, 465, mál aukin refsivernd lögreglu

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar frá 31. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Landssamband lögreglumanna (LL) hefur í mörg ár barist fyrir því að starfsumhverfi lögreglumanna verði bætt og þannig dregið úr þeirri hættu sem felst í framkvæmd lögreglustarfa. Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra, hefur sýnt málinu skilning og í samvinnu við LL viljað leita leiða til að bæta starfsskilyrði lögreglu.

Árið 2004 gerði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands könnun meðal lögreglumanna að beiðni Landssambands lögreglumanna, Lögregluskóla ríkisins, ríkislögreglustjóra, Sýslumannafélags Íslands og dómsmálaráðuneytis. Um var að ræða mjög víðtæka rannsókn, og öllum starfandi lögreglumönnum var sendur spurningalisti sem varðar málefnið. Markmið rannsóknarinnar var m.a. að kanna viðhorf lögreglumanna til starfsumhverfis síns og viðhorf til ýmissa mála er lúta að starfi þeirra. Ýmsar áhugaverðar niðurstöður komu úr könnuninni, en það sem hvað mesta athygli LL vakti var ógnvænlega hátt hlutfall lögreglumanna er höfðu orðið fyrir hótunum eða ofbeldi í starfi. Fram kom að 64% lögreglumanna höfðu orðið fyrir hótunum sem þeir tóku alvarlega eða þeir áreittir vegna starfs síns. Þá höfðu 54% lögreglumanna orðið fyrir líkamsmeiðingum í starfi sínu. Loks kom fram að í 41% tilvika hafði hótunum eða öðru alvarlegu áreiti verið beint að fjölskyldum lögreglumanna.

LL fór þess á leit við embætti ríkislögreglustjóra í lok árs 2005 að gerð yrði samantekt um fjölda skráðra mála sem vörðuðu ofbeldi gegn lögreglumönnum og hvernig afgreiðslu málin fengju. Í eftirfarandi samantekt, sem náði til lok ársins 2005, kom fram að miklum meirihluta mála lýkur án ákærumeðferðar og dóms sbr. eftirfarandi töflu:

LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

	2001	2002	2003	2004	2005
Ákærumeðferð	19	20	25	22	7
Ólokið	9	3	3	8	39
Lagt upp/fellt niður	35	30	40	20	0
Rannsókn hætt	16	13	17	27	13
Áminning/sekt	0	3	2	1	1
Samtals mál	79	69	87	78	60

Í töflunni má sjá að hlutfall ólokinna mála árið 2005 var töluvert hærra en árin á undan. Helgast það af því að rannsókn þeirra mála sem kærð voru á árinu 2005 var þá ekki lokið. Eins og fram kemur í eftirfarandi töflu lýkur aðeins litlum hluta þeirra mála sem send eru í ákærumeðferð með efnislegri meðferð og dómi.

	2001	2002	2003	2004	2005
Máli lokið með dómi	10	5	12	4	1

Í lok árs 2005 sendi LL Birni Bjarnasyni, dómsmálaráðherra, skýrslu þar sem gerð var grein fyrir óviðunandi vinnuumhverfi lögreglumanna og óskaði LL eftir að ráðherra beitti sér fyrir að starfsumhverfi lögreglumanna yrði bætt. LL fór þess m.a. á leit að skoðað yrði hvort ekki þætti nauðsynlegt að herða refsingar vegna hótana og ofbeldis í garð lögreglumanna auk annarra úrræða sem líkleg væru til að ná árangri.

Það er LL sérstakt ánægjuefni að Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra, hafi lagt fram lagabreytingatillögu þess efnis að refsingar vegna ofbeldis í garð lögreglumanna og samsvarandi stétta verði hertar verulega og að sett verði inn sérstakt ákvæði í almenn hegningarlög nr. 19/1940 þar sem refsivert verði að tálma því að lögreglumenn gegni skyldustörfum sínum. Nái breytingin fram er ljóst að um mikil tímamót verður að ræða varðandi réttindabaráttu lögreglumanna og miklar líkur á að starfsumhverfi lögreglumanna batni verulega.

LL vill þó leyfa sér að velta því upp hvort nefndin taki til skoðunar hvort ekki væri æskilegt að bæta í 2. másl. 1. mgr. bundinni refsihækkunarheimild sem mælti fyrir um tiltekna lágmarksrefsingu þegar brot teljast alvarleg. Er hugmyndin sett fram á þeim grundvelli að svo virðist mega lesa út úr dómafordæmum að sú tilhneiging sé til staðar að nýta refsirammann afar lítið.


Þrátt fyrir að hækkun refsimarka ákvæðisins séu vissulega skýr skilaboð um þyngingu refsinga gæti þessi leið e.t.v. tryggt enn frekar að þyngri refsingar verði dæmdar. Hugsa mætti sér þá aðferð að sett yrði fram verknaðarlýsing í ákvæðið þar sem tiltekin yrði þau tilvik sem hin bundna refsihækkunarheimild ætti við (e.t.v. út frá afleiðingum, t.d. er féllu undir 217. gr. laganna). Rétt er þó að geta þess að það kynni að vera á skjön við fræðilega framsetningu þar sem að 106. gr. er samhverft brot og tenging við tjónsbrot því e.t.v. sérstök.


LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Þessi leið myndi þó sennilega tryggja að dæmt yrði með viðunandi hætti, að mati LL, fyrir brot þar sem afleiðingar féllu undir 217. gr. alm. hgl. Miðað við dómaframkvæmd hefur LL virst sem afar lítill munur hafi verið á dæmdum refsingum vegna annars vegar 106. gr. og hins vegar 217. gr. þegar afleiðingar eru þær sem 217. gr. áskilur.

Að öðru leyti gerir LL engar athugasemdir við efnisatriði frumvarpsins og vill áréttta það sem að framan greinir um að breytingarnar eru fagnaðarefni og um að ræða mikilsverð skref í réttindabaráttu lögreglumanna.

F.h. LL


Sveinn I. Magnússon,
formaður


Steinar Adolffsson,
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 133/967
komudagur 9.2.2007

Nefndasvið Alþingis
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 9. febrúar 2007.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum. 133. löggjafarþing 2006–2007. Þskj. 644 - 465. mál.

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 31. janúar 2007, þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp. Laganefnd félagsins hefur haft frumvarpið til skoðunar og sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllt,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,
formaður

REFSIRÉTTARNEFND

Alþingi
Erindi nr. P 133/946
komudagur 13.2.2007

Reykjavík, 13. febrúar 2007.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 31. janúar sl., þar sem óskað er eftir að refsiréttarnefnd veiti umsögn um frumvarp til almennra hegningarlaga, 465. mál, aukin refsivernd lögreglu.

Refsiréttarnefnd telur að ekki sé tilefni til að nefndin veiti umsögn um frumvarpið.

f.h. refsiréttarnefndar,



Róbert R. Spanó formaður



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN


Alþingi
Erindi nr. P 133/983
komudagur P 133/983²

Reykjavík 9. febrúar 2007
Tilvísun: 2007020040
50.03

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Embætti ríkislögreglustjóra vísar til bréfs allsherjarnefndar, dags. 5. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn embættis ríkislögreglustjóra um frumvarp til almennra hegningarlaga, 465. mál, aukin refsivernd lögreglu.

Að mati embættis ríkislögreglustjóra eru fyrirhugaðar breytingar mikil réttarbót fyrir lögreglu og ljóst að verði frumvarpið að lögum mun starfsumhverfi lögreglumanna batna til muna. Embætti ríkislögreglustjóra hefur ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið í núverandi mynd en hefur eina ábendingu sem kann að tryggja að markmiði frumvarpsins verði enn betur náð, þ.e. að auka refsivernd lögreglu. Lagt er til að í 2. másl. 1. mgr. verði bætt við bundinni refsihækkunarheimild sem gerir ráð fyrir tiltekninni lágmarksrefsingu þegar brot teljast alvarleg. Þrátt fyrir að hækkun refsimarka ákvæðisins sé óneitanlega afdráttarlaus ábending um vilja löggjafarvaldsins til þyngingar refsinga í þessum málaflokki gæti slík viðbót tryggt enn frekar að refsingar vegna slíkra brota þyngist. Hugsanlegt væri að útfæra ákvæði um bundna refsihækkunarheimild með þeim hætti að sett yrði fram verknaðarlýsing þar sem tiltekin yrði þau tilvik sem hin bundna refsihækkunarheimild ætti við, e.t.v. út frá afleiðingum ofbeldisbrots. Mætti þar hugsa sér að miða við afleiðingar er féllu undir 217. gr. laganna eða alvarlegri.


Haraldur Johannesson / Sigríður Björk Guðjónsdóttir

RÍKISSAKSÓKNARI

*Alþingi
Erindi nr. P 133/86/
komudagur 8. 2. 2007*

SJF/kb

Reykjavík 8. febrúar 2007.

Tilv.: 2007020050

670

Borist hefur til umsagnar frumvarp til laga um breytinga á almennun hegningarlögum 465. mál, aukin refsivernd lögreglu.

Ríkissaksóknari hefur engar athugasemdir við efnisatriði frumvarpsins.


saksóknari



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Póstfang:
Hverfingata 6
150 Reykjavík

Sími:
530-1600
Netfang: rsak@tmd.is

Bréfsími:
530-1606

Kennitala:
530175-0229



TOLLVARÐAFÉLAG ÍSLANDS

7. febrúar 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 133/828
komudagur 7.2.2007

Efni: Umsögn Tollvarðafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á hegningarlögum nr.19/1940.

Vísað er til bréfs háttvirtrar allsherjarnefndar Alþingis, dags. 31. janúar 2007, þar sem óskað er eftir að Tollvarðafélag Íslands veiti umsögn um frumvarp til laga um breytingar á hegningarlögum nr.19/1940.

Í fyrrgreindu frumvarpi eru lagðar til breytingar á 106.gr. hegningarlaga varðandi breytt refsímörk. Það er skilningur Tollvarðafélagsins að umræddar breytingar á hegningarlögum séu fyrst og fremst til komnar vegna vaxandi ofbeldis í þjóðfélaginu og þá sérstaklega gagnvart löggæslumönnum. Nýleg könnun Ríkislögreglustjóra sýndi einmitt fram á að ofbeldi gagnvart tollvörðum er meira en menn höfðu gert sér grein fyrir hingað til. Svipuð könnun hjá lögreglu sýndi fram fram á sömu niðurstöður.

Að áliti Tollvarðafélagsins fer vel á þessum breytingum og verða þær til að auka réttaröryggi löggæslumanna í störfum sínum. Að mati Tollvarðafélags Íslands gætu þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu verið líklegar til að draga úr ofbeldi, þó að eðli sínu samkvæmt muni viss áhætta ávalt fylgja starfinu.

Um a.lið 1.gr. frumvarpsins gerir Tollvarðafélagið enga athugasemd.

Hvað b.lið 1.gr. varðar, þá er tálmun eða þvingun með öðrum hætti óljóst og teygjanlegt hugtak og hlýtur þannig að geta vísað til mjög ófyrirsjáanlegra aðstæðna út fyrir mörk líkamlegrar valdbeitingar. Þar sem þessum refsíákvæðum er valinn staður í almennum hegningarlögum en ekki í sérlögum, t.d. lögreglulögum eða tollalögum, er því ríkari ástæða að túlka orðalag 106.gr. vítt að þessu leyti.

Megintilgangur 106. gr. er almennt varnar- og öryggisúrræði til handa opinberum starfsmönnum og er einnig í þágu þeirra ótilgreindu almannahagsmuna sem starfsmennirnir hafa með höndum. Þessir almannahagsmunir hljóta að taka til margra sviða, allt frá borgaralegu öryggi til fjámálaumsýslu og peningavörslu.

Hvað c.lið 1.gr. varðar, þá er heimild til hækkunar refsingar eðlileg og sömu sögu er að segja um d. lið 1.gr. laganna.

Um 2.gr. laganna er allt gott að segja.

Virðingarfyllst,

Guðbjörn Guðbjörnsson
formaður